

4. gr.

Auglýsa skal eftir skólum til að taka að sér skilgreind þróunarverkefni í janúar ár hvert. Skólastjórar grunnskóla fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn þátttökutilkynningu. Viðkomandi sveitarstjórn, sveitarstjórnir eða þeir aðilar sem sveitarstjórn gefur umboð sitt (t.d. skólanefnd, skólamálaskrifstofa, skólamálafulltrúi) skal staðfesta þátttökutilkynningu skóla.

Aðrir aðilar en grunnskólar geta tekið að sér auglýst verkefni. Krefjist slík verkefni beinna tengsla við starfandi skóla, skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

5. gr.

Að fengnum þátttökutilkynningum gerir ráðgjafarnefnd tillögur til ráðherra um val á skólum eða öðrum aðilum, svo og um forgang verkefna ef þess þarf. Ráðgjafarnefndin aðstoðar við frekari útfærslu verkefnanna ef með þarf, eftir að framkvæmdaraðili hefur verið valinn.

6. gr.

Ráðuneytið og viðkomandi sveitarstjórn eða sá sem hún gefur umboð sitt, gera skriflegan samning um verkefnið þar sem fram kemur m.a. í hverju verkefnið er fólgið, markmið þess og lýsing á framkvæmd, skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og skil í lok verks. Einnig skal þar tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Sveitarstjórn eða skólanefnd/skólafulltrúi í umboði hennar skal staðfesta samninginn.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 52. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 10. desember 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall.

Að tillögu umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur Náttúruverndarráð ákveðið að landsvæði umhverfis friðlandið við Ástjörn og Ásfjall verði lýst fólkvangur, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Mörk svæðisins eru: að vestan: Ípróttá- og útivistarsvæði Knattspyrnufélagsins Hauka, að norðan: Stekkur og framtíðaríbúðarbyggð, að austan: Austurhlíð Ásfjalls, og að sunnan: Grísanes.

Hnit svæðisins eru: (23516,25; 7717,11) (23471,5; 7702,5) (23118; 7800) (22860; 7600) (22560; 7564) (22450; 7800) (22368; 7755) (22417; 7247) (23150; 7020) (23535; 7075) (23974,51; 7208,13) (23523,69; 7670,64).

Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn:

1. Gangandi fólk er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
3. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

4. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins.
5. Lausaganga hunda er bönnuð í fólkvanginum
6. Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
7. Losun mengandi efna á vatnasviði Ástjarnar er óheimil. Settar verði sérstakar reglur um áburðarnotkun hjá gróðrarstöðinni.
8. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu.
9. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
10. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar fer með stjórn og eftirlit með fólkvanginum.
11. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytinu, 13. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

